

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
nefnasvid@althingi.is

Dags. 7.02.2024
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2023-0233

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um endurnot opinberra upplýsinga, nr. 45/2018 (mjög verðmæt gagnasett, EES-reglur o.fl.).

Vísað er til umsagnarbeiðni nefndarsviðs Alþingis dags. 24. janúar vegna frumvarps til laga um endurnot opinberra upplýsinga (mjög verðmæt gagnasett, EES-reglur o.fl.), 35. mál.

Veðurstofa Íslands styður frumvarpið heilshugar enda samræmist það gagnastefnu stofnunarinnar að auka aðgengi að gögnum til að styðja ákvarðanatöku og rannsóknir innan samfélagsins.

Ábendingar við frumvarpið og skýringar

Í 4. grein frumvarpsins eru þau nýmæli sett fram að heimilt sé að nota rannsóknargögn án endurgjalds, séu þau að hluta eða öllu leyti fjármögnuð af hinu opinbera, hafi þau verið gerð aðgengileg í gegnum gagnasafn stofnunar eða gagnasafn á tilteknu sviði. Þá er ráðherra gefin heimild til að mæla fyrir í reglugerð hvernig aðgangi að gögnunum skuli háttað þ.m.t. með hvaða sniði og samkvæmt hvaða stöðlum þau skuli gerð aðgengileg. Veðurstofan fagnar því að skýrari viðmið verði sett um endurnot rannsóknargagna enda hefur stofnunin lagt mikla áherslu á að opna aðgengi að rannsóknargögnum m.a. í viðamiklu samstarfi EPOS ERIC sem hefur það að markmiði að veita opið aðgengi að fjölþátta gagnasöfnum á sviði jarðvísinda í Evrópu í gegnum sameiginlega gagnagátt. Sömuleiðis setur Open Data Policy Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar (WMO) fram ákveðnar skyldur á aðgengi skilgreindra gagna innan veður-, vatns- og loftslags sem Veðurstofan og sambærilegar stofnanir þurfa að uppfylla.

Rétt er að leggja áherslu á að mikil og tímafrek vinna við gæðayfirferð og lýsigagnavinnu ásamt beinum kostnaði við uppsetningu og viðhald gagnapjónusta/forritaskila getur falist í því að opna aðgengi að stórum rannsóknagagnaröðum. Því er nauðsynlegt að ákvæði reglugerðar sem skýra aðgengi gagna verði unnin í góðu samstarfi við rannsóknarstofnanir en að jafnframt sé horft til langs tíma á kostnað við að gera gögnin aðgengileg og viðhalda aðgangi í samræmi við kröfur þar um. Þá telur stofnunin einnig mikilvægt að uppbygging gagnapjónusta sem þarf til að veita aðgengi að rannsóknagögnum uppfylli kröfur um að styðja við gæði í rannsóknum og að þær samræmist áherslum Vísinda og tækniráðs líkt og verkefnið um EPOS Íslands sem hlaut sess á Íslenska Vegvísinum um uppbyggingu rannsóknainnviða árið 2021 Innviðauppbygging EPOS Íslands er í formi öflugra gagnapjónusta sem veita opið aðgengi að mikilvægum jarðvísindagögnum og þjónustum frá Íslandi. Verkefnið er leitt af Veðurstofu Íslands og samstarfsaðilar eru Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, Landmælingar Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og ÍSOR-Íslenskar Orkurannsóknir.

Í 6.gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að opinber aðili skuli gera kvik gögn aðgengileg til endurnota um leið og þeim hefur verið safnað. Samkvæmt b-lið 6. gr. skulu gögnin þó gerð aðgengileg innan tiltekins tímaramma ef opinber aðili er ekki í stakk búinn fjárhagslega og tæknilega. Þetta er töluverð breyting frá fyrri lögum og getur haft mikil áhrif fyrir stofnun eins og Veðurstofu Íslands sem sinnir rauntímavöktun og rekur stór mælikerfi sem safna gífurlegu magni af kvikum gögnum ýmist fyrir Veðurstofuna, fyrir aðra eða í samstarfi aðra.

Kvik gögn eru óyfirfarin gögn og getur notkun slíkra gagna eða aðgengi að þeim í einhverjum tilvikum verið varasöm ef þau eru rangtúlkðu eða framsett með villandi hætti. Það er stefna Veðurstofunnar að gera sem flest gögn sín aðgengileg með sem minnstri tímaseinkun eftir því sem tæknilegar og fjárhagslegar forsendur leyfa. Þó væri æskilegt að heimilt sé að takmarka aðgengi að kvikum gögnum í einstaka tilfellum, t.d. í yfirstandandi náttúruváratburði vegna almannahagsmuna eða vegna virkra rannsóknaverkefna. Lagt er til að bætt verði við málslið í 2. mgr. sem hljóðar svo:

Heimilt er að takmarka aðgang að kvikum gögnum vegna rannsókn- eða almannahagsmuna.

Í c-lið 6. gr. frumvarpsins er ákvæði um að mjög verðmæt gagnasett skulu vera á véllæsilegu sniði, veitt um viðeigandi forritaskil og með magnniðurhali, þar sem það á við. Framkvæmdastjórnin birti hinn 21. desember 2022 framkvæmdareglugerð (ESB) 2023/138 með lista yfir mjög verðmæt gagnasett og falla veðurfræðigögn sem Veðurstofan aflar þar undir. Ákvæðið setur því þær kröfur á Veðurstofna að gera gögnin aðgengileg með ákveðnum hætti og er áætlaður kostnaður við að setja upp slíkar þjónustur um 190 m.kr. sem rúmast ekki innan fjárhagsramma stofnunarinnar. Stofnunin mun leggja sig fram að uppfylla skilyrði þessara laga innan þess tímaramma sem en nauðsynlegt er að tryggja verkefninu frekara fjármagn.

Virðingarfyllst,

fh. Veðurstofu Íslands



Hrafnhildur Valdimarsdóttir